

# Leikskóli Seltjarnarness

## Starfsáætlun 2016 - 2017

### Gildi Leikskóla Seltjarnarness



## Ágúst

*Leikskólastarfið hefst 2. ágúst kl. 12:30.*

*Fyrir hádegi verður  $\frac{1}{2}$  skipulagsdagur sem notaður verður til undirbúnings fyrir skólaopnun. Aðlögun hefst 8. ágúst.*

## September

*Skipulagt leikskólastarf hefst eftir aðlögun nýrra barna og starfsmanna. Ómur söngs og tónlistar heyrir um allt hús þegar Ólöf María tónlistarkennari kemur aftur til starfa eftir sumarleyfi.*

*Pema í sept./okt./nóv. „Ég og fjölskylda mín“ og „Árstíðirnar“*

*Aðalfundur foreldrafélagsins haldin í sept./okt.*

*Kynning á vetrarstarfi leikskólans, auglýst nánar á hverri deild.*

5. sept. Tónlistarstundir hefjast í samstarfi við Tónlistarskóla Seltjarnarness.

16. sept. Dagur íslenskrar náttúru. Opið á milli deilda.

*Unnið með Vináttu, sem er forvarnarverkefni Barnaheilla gegn einelti fyrir leikskóla.*

*Sjá nánar <http://www.barnaheill.is/Vinatta/>*

*Á hverjum föstudagsmorgni er fagnaðarfundur í sal sem deildir skólans skiptast á að undirbúa og stýra.*

*Í ágúst/sept. eru kartöflur og grænmeti tekin upp úr matjurtarbeiðum sem allir fá að njóta.*

## Október

*Nemendur 1. bekkja Mýrarhúsaskóla koma í heimsókn í leikskólann.*

*Börn á Mýri og Nesi fara í Hreyfiland einu sinni í viku í sex skipti.*

3.okt. "Hringekjan" hefst og stendur yfir í 7 vikur.

Í Hringekju er boðið upp á sjö mismunandi vinnustöðvar 2 x í viku.

Unnið er með hreyfingu, útinám, listsköpun, jóga, sögugerð, umhverfismennt og tónlist. Öll börn í Sólbrekku taka þátt og fá tækifæri til þess að vinna á öllum vinnustöðvum og um leið að kynnast börnum og starfsfólki af öðrum deildum.

4. okt. Sameiginleg söngstund í Mánabrekku - Ólöf María, tónmenntakennari stjórnar.

20. okt. Slökkviliðsmenn koma í heimsókn og fræða elstu börnin um eldvarnir o.fl.

24.-28. okt. Gul vika í Mánabrekku og Holti - áhersla lögð á gula litinn.

26. okt. Skipulagsdagur - leikskólinn lokaður.

27. okt. Alþjóðlegur bangsadagur. Börnin koma með uppáhalds bangsann sinn í leikskólann. Pennan dag er leyfilegt að koma í náttfötum. Opið milli deilda.

## Nóvember

*Leikjaflæði hefst í Mánabrekku hjá Skála og Odda.*

*Nemendur úr Mýrarhúsaskóla koma og lesa fyrir börnin.*

*Nemendur í Tónlistarskóla Seltjarnarness koma í heimsókn og leika á hljóðfæri.*

- 1. nóv. Sameiginleg söngstund í Mánabrekku - Ólöf María tónmenntakennari stjórnar.
- 8. nóv. Baráttudagur gegn einelti. Sérstök áhersla lögð á vináttuverkefnið. Opið á milli deilda.
- 7.-18. nóv. Áhersla lögð á íslenskt mál bæði mælt og ritað. Dagur íslenskrar tungu er haldinn hátíðlegur 16. nóvember á fæðingardeggi Jónasar Hallgrímssonar. Dagskrá verður í sal 18. nóvember þar sem börnin syngja og flytja ljóð eftir Jónas sem þau hafa lært í tilefni dagsins.
- 21.-25. nóv. Rauð vika í Mánabrekku og Holti - áhersla lögð á rauða litinn.
- 25. nóv. Samsöngur í sal. Byrjað að syngja jólalögin.

## Desember

*Í desember er lögð áhersla á að skapa rólegt andrúmsloft og njóta friðsældar á aðventu.*

*Jólatónleikar í Tónlistarskóla Seltjarnarness.*

- 6. des. Sameiginleg söngstund í Mánabrekku - Ólöf María tónmenntakennari stjórnar.
- 5.-9. des. Kaffihúsavika - Deildir fara til skiptis í „kaffihús“ þar sem boðið verður upp á kakó, kleinur og sögustund.
- 11. des. Stekkjastaur kemur til byggða.
- 20. des. Litlu jólin. Dansað í kringum jólatré, jólasveinn kemur í heimsókn.

## Janúar

*Þema í jan./feb./mars „sögur og ævintýri“ og „líkaminn“.*

- 2. jan. Skipulagsdagur - leikskólinn lokaður.
- 6. jan. Prettándinn, samsöngur í sal þar sem jólin eru kvödd.
- 20. jan. Bóndadagskaffi - Þorri byrjar og karlar eru boðnir í morgunkaffi. Sameiginlegt borðhald þar sem því er við komið.
- 23.-27. jan. Blá vika í Mánabrekku og Holti - áhersla lögð á bláa litinn.

## Febrúar

*Hringekjan hefst aftur í Sólbrekku.*

*Börn á Odda og Skála fara í Hreyfíland einu sinni í viku í sex skipti.*

*Foreldraviðtöl verða tekin á vorönn, foreldrar eru boðaðir skriflega.*

- 6. feb. Dagur leikskólans - við gerum okkur dagamun
- 7. feb. Sameiginleg söngstund í Mánabrekku - Ólöf María tónmenntakennari stjórnar.
- 17. feb. Að tilefni konudagsins 19.febrúar er konum boðið í morgunkaffi.
- 27. feb. Bolludagur - fiskibollur í hádeginu og rjórnabollur síðdegis að íslenskum sið.
- 28. feb. Sprengidagur - í hádeginu er boðið upp á saltkjöt og baunir samkvæmt hefðinni.

*Í lok febrúar fara börn fædd 2011 í heimsókn í Mýrarhúsaskóla.*

## Mars

*Fjölmeningarmánuður. Fjölbreytileikanum fagnað á ýmsan máta. Lesið, spjallað, hlustað á tónlist og rýnt í menningu hinna ýmsu þjóða.*

*Þjóðfánar þeirra eru sýnilegir við hverja deild.*

- 1. mars Öskudagur - furðufataball - leikrit í flutningi kennara og starfsfólks - opið á milli deilda.
- 7. mars Sameiginleg söngstund í Mánabrekku - Ólöf María tónmenntakennari stjórnar.
- 24. mars Samsöngur í sal, tileinkaður fjölmeningu, þar sem sungin verða lög á hinum ýmsu tungumálum starfsmanna og barna.

*Börn í 1. bekk Mýrarhúsaskóla koma í heimsókn.*

*Nemendur úr Tónlistarskóla Seltjarnarness koma í heimsókn og leika á hljóðfæri*

## Apríl

*Pema í apríl/maí/júní „Náttúran“*

*Vetur kveður, sumardagurinn fyrsti, elsti hátíðisdagur Íslendinga rennur upp.*

- 4. apríl Sameiginleg söngstund í Mánabrekku - Ólöf María tónmenntakennari stjórnar.
- 21. apríl í tilefni afmælisdegi Vigdísar Finnbogadóttur, 15.apríl verður sumarkomunni fagnað með því að gróðursetja tré í „Vinalundinn“.
- 24.-28. apríl Græn vika í Mánabrekku og Holti - áhersla lögð á græna litinn.
- 25. apríl Dagur umhverfisins, fæðingadagur Sveins Pálssonar (1762) náttúrufræðings.

*Í apríl fara börn fædd 2011 í heimsókn í Mýrarhúsaskóla. Í þetta sinn heimsækja þau 1. bekkina í skólastofum þeirra. Þau taka þátt í einni kennslustund og fá afhenta bók með verkefnum sem þau vinna í. Börnin hafa með sér nesti og fara með öðrum nemendum út í frímínútur.*

## **Maí**

*Í maí er „vorfagnaður“ á öllum deildum - foreldrum og aðstandendum er boðið að hlýða á söng og sjá hluta af vinnu barnanna. Dagsetningar auglýstar síðar.*

Skipulagsdagur: Frá hádegi 23. maí, 24. (25. uppstigningardagur) og 26. maí er leikskólinn lokaður

*Útskriftarferð og útskriftarhátíð elstu barnanna verður í maí/júní.*

*Sveitaferð að Bjarteyjarsandi með börn fædd 2012.*

*Umferðarskólinn verður í boði fyrir elstu börnin.*

*Í lok maí og byrjun júní eru kartöflur, grænmeti, kryddjurtir og blóm sett niður.*

## **Júní**

*Áhersla lögð á útiveru og vettvangsferðir.*

*„Krakkahestar“ koma í heimsókn í boði foreldrafélagsins.*

*Foreldrafélagið heldur sína árlegu fjölskylduhátíð í samstarfi við kennara og starfsfólk leikskólans.*

*Moltutunnur tæmdar í trjábeðin.*

Síðustu vikuna í júní er lögð áhersla á jafnréttisfræðslu.

Kvenréttindadagurinn er 19. júní, bleikur dagur í leikskólanum.